

Starfsafl

starfsmennt
samtaka atvinnulífsins
og flóabandalagsins

Starfsafl

Ársskýrsla
2006

Efnisyfirlit

Efni	Bls.
1. Formáli	2
2. Úthlutun styrkja	4
2.1 Einstaklingar	4
2.2 Fyrirtæki	6
3. Helstu verkefni Starfsafls árið 2006	7
4. Stefnumótunarfundur Starfsafls í október 2006	12
5. Starfsáætlun Starfsafls 2007 – 2008	14
6. Fjárhagur Starfsafls 2006	15

Ársreikningar fylgja í sérhefti.

1. Formáli og yfirlit starfsins 2006

Árið 2006 var um margt viðburðaríkt ár fyrir Starfsafl, starfsmennt Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins.

Fyrir það fyrsta urðu miklar mannabreytingar meðal starfsmanna Starfsafls. Kolbrún Stefánsdóttir, forstöðumaður frá apríl 2005, lét af störfum 1. júlí 2006. Ennfremur lét Jóna Vigdís Kristinsdóttir, verkefnastjóri, af störfum 1. maí 2006. Nýr forstöðumaður, Sveinn Aðalsteinsson, var ráðinn í ágúst og hóf störf 15. september 2006. Haustið einkenndist því að einhverju leyti af byrjunarörðugleikum og því að koma verkefnum í fast horf. Verkferlar og vinnureglur voru endurskoðaðar og ennfremur voru úthlutunarreglur endurskoðaðar. Unnið var að einföldun umsóknafærlis fyrir fyrirtæki og nú eiga fyrirtæki þess kost að sækja um styrki á sérstöku umsóknareyðublaði sem hlaða má niður af vefsetri Starfsafls. Þetta brot í samfellu starfsemi Starfsafls er að sjálfsögðu óheppilegt en óumflýjanlegt í ljósi aðstæðna á þeim tíma. Með nýjum starfsmanni koma nýjar áherslur eins og eðlilegt er og vonandi verða merki um áherslubreytingar sýnilegar árið 2007. Einnig er rétt að hafa í huga að forstöðumaður var einn í starfinu frá miðjum september og fram á árið 2007, miðað við 2 starfsmenn áður í 1,6 stöðugildum.

Mannabreytingar urðu einnig á stjórn Starfsafls. Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir hefur setið fyrir hönd Flóabandalagsins en gekk nú úr stjórn og við tók Atli Lýðsson, fræðslustjóri Eflingar stéttarfélags. Einar Marinósson, sem setið hefur í stjórn fyrir Samtök atvinnulífsins, gekk úr stjórn og við tók María Guðmundsdóttir, fræðslu- og upplýsingafulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar. Þeim Þórunni og Einari eru þökkun þó frábær störf í þágu Starfsafls jafnframt sem þau Atli og María eru boðin velkomin til starfa.

Í öðru lagi urðu töluverðar breytingar á fjármögnun Starfsafls. Fyrirtæki greiða nú starfsmenntagjald af hverjum félagsmanni stéttarfélags sem rennur til fræðslusjóða atvinnulífsins. Samtímis mun ríkið draga úr sínum fjárframlögum og verður árið 2007 síðasta árið þar sem framlaga ríkisvaldsins nýtur. Óvíst er hvaða áhrif þessar breytingar hafa á fjármögnun og starfsemi Starfsafls en líkur eru á að sjóðurinn missi af tekjum miðað við fyrri fjármögnun. Vaxtatekjur munu þó líklega vega þann mun upp að einhverju leyti.

Í þriðja lagi urðu nú sýnilegar breytingar á fjármögnun námsleiða samkvæmt námsskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Má þar nefna nám í jarðlagnatækni og námsleiðina "Aftur í nám". Starfsafl hefur, ásamt öðrum fræðslusjóðum, styrkt nám félagsmanna samkvæmt þessum námskrám en við síðustu kjarasamninga fékkst aukið fjármagn frá ríkisvaldinu til að kosta þessar námsleiðir. Þessi breyting eykur ráðstöfunarfé Starfsafls til annarra verkefna á sviði starfsmenntunar.

Í fjórða lagi samþykkti ríkisstjórn og Alþingi að stórauka fé til íslenskukennslu í lok árs 2006 sem koma á til framkvæmda árið 2007. Fyrirhuguð eru einnig mjög aukin framlög til málaflokksins á næstu árum. Samtök launamanna og atvinnurekenda þrýstu á ríkisvaldið í þessu máli og það skilaði miklum árangri. Þessi nýja fjármögnun mun létta mikið á fræðslusjóðunum og gefa þeim svigrúm til nýrra verkefna.

Í fimmta lagi var haldinn vel heppnaður stefnumótunarfundur Starfsafls í Kríunesi við Elliðavatn í október 2006. Útkoman af þeim fundi var ný verkefnaskrá fyrir Starfsafl þar

sem lögð verður áhersla á að ná enn betur til fyrirtækja og starfsmanna þeirra í því skyni að auka vægi starfsmenntunar og þjálfunar í atvinnulífinu.

Í sjötta lagi var tekin upp sú nýbreytni að halda nánast alla stjórnarfundir Starfsafls úti í fyrirtækjunum og kynna starfsemi Starfsafls um leið. Þessi kynningarleið hefur verið afar gefandi fyrir alla viðkomandi og sjást greinilega merki þess í auknum fjölda umsókna frá fyrirtækjum.

Nánar verður gerð grein fyrir þessum vörðum í ársskýrslunni hér á eftir.

Í mínum huga eru mikil forréttindi að fá að starfa að þessum mikilvæga málaflokki, starfsmenntun í atvinnulífinu. Árangurinn er ekki alltaf ljós þegar í stað en er líka mjög gefandi þegar hann verður sýnilegur. Það eru forréttindi að fá að starfa að málaflokki þar sem allir aðilar eru sammála um mikilvægi hans og vilja veg hans sem mestan. Það verður sífellt sýnilegra í atvinnulífinu að menntun starfsmanna er lykilatriði í að viðhalda samkeppnishæfni og ná forskoti á keppinauta. Árangur bæði fyrirtækja og starfsmanna af starfsmenntun er greinilegur. Hluti árangursins er mælanlegur fyrir fyrirtækin, minni starfsmannavelta, aukin framlegð og betri rekstrarafkoma. Sá hluti hinsvegar sem er hvað tormælanlegastur er þó einna verðmætastur. Það er sá hluti sem snýr að starfsmönnum og vellíðan þeirra á vinnustað og aukið sjálfstraust til krefjandi verkefna. Þegar upp er staðið eru það þau verðmæti sem lengst standa.

Ég vil nota tækifærið og þakka stjórnarmönnum Starfsafls fyrir frábært samstarf og hvatningu sem og öllum starfsmönnum eigenda Starfsafls og fulltrúum og starfsmönnum fyrirtækja sem Starfsafl hefur átt samskipti við á liðnu ári.

Reykjavík, í maí 2007,

Sveinn Aðalsteinsson
forstöðumaður

2. Úthlutun styrkja


Meginhlutverk Starfsafls er styrkja að fyrirtæki og einstaklinga til starfsmenntunar eins og reglur Starfsafls segja til um.

Markmið styrkjanna, hvort sem er til einstaklinga eða fyrirtækja, er að efla starfsmenntun í fyrirtækjum þannig að bæði starfsmaðurinn og fyrirtækið hagnist. Starfsmaðurinn öðlast þar með aukna færni og fyrirtækið eykur framlegð sína.


Starfsafl sinnti töluverðu kynningarstarfi á þessu sviði á árinu 2006. Farið var í heimsóknir til fyrirtækja, ýmist í fylgd með fulltrúum stéttarfélaganna á vinnustaðafundi eða stjórnendur fyrirtækja voru heimsóttir. Þessar heimsóknir skiluðu töluverðum árangri og verður lögð sérstök áhersla á þær á næstu árum.

2.1. Einstaklingsstyrkir

Á árinu 2006 voru veittir alls 1.081 styrkur til einstaklinga í Eflingu stéttarfélagi, Verkalýðsfélaginu Hlíf og Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur. Það er um x % aukning á fjölda miðað við 2005. Fé til þessara styrkja jókst frá 22,8 m.kr. árið 2005 til 31,1 m.kr. árið 2006 eða um 36%. Skýrist það einkum af tvennu, hækkun á einstaklingsstyrkjum frá 1. apríl 2006 og hærra styrkjum til félagsmanna vegna meiraprófs. Styrkir voru hækkaðir 1. apríl 2006 úr 35.000 kr. að hámarki upp í 44.000 kr. að hámarki. Sem fyrr var ávallt greiddur út 75% af kostnaði upp að fyrirtöldum hámarksupphæðum. Frá 1. apríl var byrjað að greiða allt að 100.000 kr. í styrki vegna meiraprófs.



Mynd 1. Fjöldi umsókna um einstaklingsstyrki til Starfsafls árið 2006.



Mynd 2. *Hlutfallslegur kostnaður við einstaklingsstyrki Starfsafls árið 2006.*

Það kemur fram á myndum 1 og 2 að hlutfallslegur fjöldi umsókna um meirapróf var 9% af heildarfjölda umsókna árið 2006 en hlutfallslegur kostnaður þessara styrkja var 22%. Þetta er ein af fjölmörgum vísbendingum um þensluna á byggingar- og verktakageiranum á félagsvæði Starfsafls.

Styrkir til íslenskunáms voru áberandi á árinu 2006, bæði hvað snertir fjölda og hlutfallslegan kostnað. Um 36% af heildarfjölda einstaklingsstyrkja fóru til íslenskukennslu og um 25% af fjármunum einstaklingsstyrkja.

Miðað við fyrri ár fór tiltölulega lítill hluti fjár í ýmist sérhæft nám sem kennt er samkvæmt námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins eins og t.d. nám til leiðréttingar lesblindu (Aftur í nám og Grunnmenntaskólinn). Vegna sérstakra viðbótarfjármuna ríkisins, sem tryggt var með kjarasamningum, færðist meginþungi greiðslna vegna þessa náms frá fræðslusjóðum atvinnulífsins yfir á Fræðslumiðstöðina. Ljóst er að þetta nýja fyrirkomulag gefur Starfsafla aukið svigrúm til nýrra verkefna.

Einnig er ljóst að með nýju og auknu fé ríkisvaldsins til íslenskukennslu mun svigrúm Starfsafls aukast enn frekar til nýrra verkefna.

2.2. Styrkir til fyrirtækja

Alls voru veitt loforð um 28 verkefnastyrki, þarfagreiningar o.fl. að upphæð alls 6,5 m.kr. til 22 fyrirtækja til starfsmenntunar á síðasta ári. Af þeim loforðum komu 4,5 m.kr. til útborgunar auk kostnaðar við þarfagreiningar og aðra fræðslu til stærri aðila, alls 6,0 m.kr. Það er nokkur minnkun miðað við árið 2005 (9,8 m.kr.) og skýrist það einkum með minna kynningarstarfi vegna breytinga á starfsmannahaldi Starfsafls. Vísbendingar eru um að þessi þróun sé að snúast við því það sem af er árinu 2007 (jan. – maí) eru komnar fleiri umsóknir frá fyrirtækjum en allt árið 2006.

Tafla 1. Yfirlit yfir umsækjendur um verkefnastyrki árið 2006.

Verkefni	Umsækjandi	Samstarfsaðilar
Hagvagnar hf -vistakstur	Hagvagnar hf	Ökuskólinn í Mjódd
Hagvagnar hf –íslenska	Hagvagnar hf	Alþjóðahúsið
SS Verktakar -íslenska	SS Verktakar	Mímir
Olís - starfstengt nám starfsmanna	Olís	Bifröst -fjarnám
Námskeið fyrir matráðskonur	Sæmundur fróði	Sæmundur fróði
Myllan brauð	Myllan-Brauð	Alþjóðahúsið
MSS - Landnemaskólinn	MSS	MSS
MSS - Grunnmenntaskólinn	MSS	MSS
Skyndihjálparnámskeið hjá SAF	SAF	SAF/Oddur Eiríksson
Einingaverksmiðjan - Íslenskukennsla	Einingaverksmiðjan	Alþjóðahúsið
Efling-stéttarfélag -Leonardoferðastyrkir	Efling-stéttarfélag	Leonardóskrifstofan
SAF- Markviss þátttaka í kaupstefnum	SAF	Útflutningsráð - Jón Þorvaldsson
Námskeið til fyrirtækja í þjónustu	Sæmundur fróði	Hótel- og matvælaskólinn - Ýmis fyrirtæki
MSS - lestrargreining félaga í VSFK	MSS	VSFK
Radison SAS – íslenska	RadissonSAS	Alþjóðahúsið
Radison SAS – íslenska	RadissonSAS	Alþjóðahúsið
SS verktakar – íslenska	SS verktakar	Alþjóðahúsið
Fisksóluskrifstofan – hreinlætisnámsk.	Fisksóluskrifstofan	Sýni
Hagvagnar – íslenska	Hagvagnar	Alþjóðahúsið
Hafgúan fiskverkun - íslenska	Hafgúan	Alþjóðahúsið
MS – íslenskukennsla	MS	Alþjóðahúsið
MS – íslenskukennsla	MS	Alþjóðahúsið
Toppfiskur – íslenska	Toppfiskur	Alþjóðahúsið
MSS – IGS – hópefli	MSS	IGS
Öryggisskólinn	Öryggisskólinn	Ýmsir
Lexometrica – þróunarverkefni	Lexometrica	Ýmsir
MSS – IGS – tölvukennsla	MSS	IGS
Iðnskólinn v símsmiðanáms	Iðnskólinn v símsmiða	Ýmsir

Íslenskukennsla er mjög áberandi enda þörfin brýn. Alls voru veittir styrkir að upphæð um 2,8 m.kr. til íslenskukennslu árið 2006 sem er um 62% af upphæð verkefnastyrkja til fyrirtækja (4,5 m.kr.). Mjög erfitt er að áætla þróun þessara mála fyrir árið 2007 en ljóst er að þessar styrkveitingar eiga eftir að minnka töluvert.

Það er alveg ljóst að styrkveitingar til fyrirtækja vegna starfsmenntunar eru alltof lágar og ekki samræmi við markmið sjóðsins. Það vantar einfaldlega umsóknir frá fyrirtækjum. Það þýðir að leggja verður sérstaka áherslu á kynningarstarf til fyrirtækja á næstu árum, eins og gerð er grein fyrir í verkefnaáætlun fyrir Starfsafl síðar í þessari skýrslu.

3. Helstu verkefni Starfsafls árið 2006.

Stjórnarfundir

Haldnir voru alls 18 stjórnarfundir á árinu 2006. Í stjórn sátu:

Nafn	Tilnefningaraðili	Annað
Ingi Bogi Bogason	Samtök atvinnulífsins	stjórnarformaður
Gissur Pétursson	Samtök atvinnulífsins	
Einar Marinósson María Guðmundsdóttir	Samtök atvinnulífsins	Til 1. sept. Frá 1. sept.
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir Atli Lýðsson	Efling stéttarfélag (Flóabandalagið)	Til 1. sept. Frá 1. sept.
Kolbeinn Gunnarsson	Verkalýðsfélagið Hlíf (Flóabandalagið)	
Guðjón H. Arngrímsson	Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur (Flóabandalagið)	

Sú nýbreytni var tekin upp á síðari hluta ársins að halda stjórnarfundum hjá fyrirtækjum og kynna um leið starfsemi Starfsafls fyrir stjórnendum. Um leið fékk stjórn og starfsmaður Starfsafls mikilvæga kynningu og upplýsingar um starf fyrirtækjanna. Þessi háttur mæltist mjög vel fyrir og verður haldið áfram á sömu braut eftirleidis, eftir því sem kostur er. Fréttir af þessum heimsóknum voru settar jafnóðum á heimasíðu Starfsafls, www.starfsafl.is.

Aðrar heimsóknir

Bæði núverandi og fyrrverandi forstöðumenn fóru þar fyrir utan í heimsóknir á vinnustaði ýmist með stjórnarformanni til að hitta stjórnendur eða með fulltrúum Eflingar og annarra stéttarféлага innan Starfsafls til að kynna sjóðinn fyrir félagsmönnum félaganna.

Önnur kynningarstarfssemi

Forstöðumaður hefur skrifað nokkrar greinar í félagsblöð félaga Flóabandalagsins og hitt stjórnir ýmissa samtaka og félaga innan eigendahóps Starfsafls.

Dæmi um frétt af heimasíðu Starfsafls:

Öflugt fræðslustarf Bláa lónsins (15. des. 2006)

Stjórn Starfsafls fór í kynnisferð til að kynna sér fræðslumál starfsmanna Bláa lónsins þ. 14. des. sl. Að loknum venjulegum stjórnarfundi fluttu Anna G. Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri Bláa lónsins og Hanna Guðlaugsdóttir, starfsmannastjóri, erindi þar sem þær kynntu starfsemi Bláa lónsins og fræðslustarf fyrirtækisins, sem er mjög öflugt og til fyrirmyndar.

[Bláa lónið](#) hyggur á stækkun á næstu árum til að bæta enn frekar móttöku gesta sem þangað sækja en árlega koma á milli 300 og 400 þúsund gestir í þetta einstaka umhverfi. Gestir taka fljótt eftir glæsilegri umgjörð heilsulindarinnar. Jafnframt vekja faglegar og vinsamlegar móttökur starfsmanna athygli og þakklæti gesta. Bláa lónið leggur enda mikla rækt við vinnustaðanám og þjálfun starfsmanna sinna en starfsmenn fá tækifæri að stunda nám í nánast öllu því sem snertir starfsemi og viðskiptastefnu Bláa lónsins. Upphaflega var byggt á námskrá sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gaf út eftir þróunarstarf fyrirtækisins og [Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum](#) á sviðinu. Námskráin heitir "[Laugar, lindir og böð](#)" og [má nálgast hér](#). Bláa lónið hefur þróað þetta nám frekar og nefnir nám sitt núna "Þjónustunám Bláa lónsins: Virkjum orkuna". Um 200 starfsmenn vinna hjá Bláa lóninu hérlendis þegar mest er, þar af er hluti í hlutastörfum.

Starfsafl kynnti starfsemi sína og þá möguleika sem fyrirtækjum og starfsmönnum standa til boða. Stjórn og starfsmenn Starfsafls eru Bláa lóninu mjög þakklát fyrir það tækifæri sem gafst til að kynna þessari öflugu starfsemi.



Spjall um vinnustaðanám, frá vinstri Anna G. Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri Bláa lónsins, Hanna Guðlaugsdóttir, starfsmannastjóri, Kolbeinn Gunnarsson, formaður [Hlífar](#) og stjórnarmaður Starfsafls (fyrir Flóabandalagið), Ingi Bogi Bogason, stjórnarformaður Starfsafls (fyrir [Samtök atvinnulífsins](#)) og sviðsstjóri menntunar og mannaúðs [Samtaka iðnaðarins \(SI\)](#).

Evrópuverkefni

Námsráðgjöf á vinnustað (Workplace Guidance, WG1 og WG2)

Starfsafl var verðlaunað í lok árs fyrir þátt sinn sem verkefnisstjóri (promoter) í Leonardo da Vinci verkefni innan starfsmenntaáætlunar Evrópusambandsins. Verkefnið fjallar um náms- og starfsráðgjöf fyrir þá sem minni menntun hafa úti á vinnumarkaðinum og voru samstarfsaðilar frá 9 öðrum Evrópulöndum. Athöfnin átti sér stað í Helsinki í byrjun desember og var verkefni Starfsafls eitt af 10 verkefnum sem fékk verðlaun. Upphaflega voru 157 verkefni tilnefnd frá 31 landi, en þegar upp var staðið voru það 10 verkefni sem fengu verðlaun.

Þetta er mikill heiður fyrir Starfsafl og þá íslensku aðila sem stóðu að verkefninu sem eru auk Starfsafls, Efling-stéttarfélag, og um aðstoð sá Leonardo skrifstofan á Íslandi. Það

var Marianna Traustadóttir fv. forstöðumaður Starfsafls sem sá um verkefnisstjórnina og veitti hún verðlaununum viðtöku f.h. Starfsafls.

Náms- og starfsráðgjöf í atvinnulífinu hefur reynst mjög vel hérlendis og hafa aðilar vinnumarkaðarins lagt áherslu á að tengja náms- og starfsráðgjöf til þeirra sem minni menntun hafa við fræðslustarf stéttarfélaganna með mjög góðum árangri. Nánari upplýsingar má fá á heimasíðu verkefnisins www.workplaceguidance.eu (á ensku) sem forstöðumaður Starfsafls og Marianna settu upp í tilefni verðlaunaveitingarinnar.

Forsíða www.workplaceguidance.eu



Workplace Guidance and Counselling

Home About Project objectives Achievements Links Copyright & disclaimer

WorkplaceGuidance.eu is the home of a truly successful story. The story of how ideas about on-the-spot workplace guidance were put into practice. The project was a joint project of 10 European countries, promoted by [Starfsafl](#), Vocational Training Fund, Reykjavík, Iceland.

The project was inspired and formed by a number of researchers, practitioners, vocational training leaders and many more. This exciting blend of ideas resulted in hands-on procedures which have been effectively used in businesses all over Europe.

[Starfsafl](#), the vocational training fund for un- and semi-skilled workers in Reykjavík, Iceland, owned by the [Confederation of Icelandic Employers \(SA\)](#) and the Icelandic union clubs [Efling - stéttarfélag](#), [Hlíð](#) and [Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur, VSFK](#), lead the project and have implemented the project findings in a very successful manner in a number of Reykjavík's work places with their executive partners. Much to the benefit of the individual workers and their employers alike.

The project was funded by the [Leonardo Da Vinci Vocational Programme of the European Commission](#).

Information about the project can be found at this web site and at the [web site of University of Glasgow](#) which was the co-ordinator of the project.

[Download a brochure \(pdf, in English\)!](#)

Web site created by STARFS AFL Vocational fund, Reykjavík, Iceland - www.starfsafl.is

WORKPLACE GUIDANCE LINKING LOW-PAID WORKERS AND LEARNING

Click on logo above to enter on-line course project website!

starfsafl
starlsmennt
samtaka atvinnulífsins
og flóabandalápsins

TAG – Third Age Guidance

Annað verkefni sem Starfsafl hefur tekið þátt í er verkefni um ráðgjöf til miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði: TAG verkefnið eða Third Age Guidance. Verkefnið er styrkt af Leonardo starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins.

Í október sótti forstöðumaður einn vinnufund verkefnisins sem haldinn var í Vínarborg. Þar kynnti forstöðumaður Starfsafls þá vinnu sem hafin var á síðasta ári í samvinnu við Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði, Verkalýðsfélagið Hlíf og Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins. Markmiðið er styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði, einkum þeirra sem hafa litla formlega skólagöngu að baki en þeim mun meiri reynslu af vinnumarkaði. Ekki síst er mikilvægt að aðstoða fólk við koma sér upp færnimöppum þar sem öll færni og reynsla er skráð. Námskeiðið var síðan haldið í byrjun árs 2007. Einnig var kynnt athyglisvert námskeið sem Mímir og VR stóðu fyrir á síðasta ári sem miðaði að því að styrkja félagsmenn VR á sama aldri í sínu starfi.



Nokkrir þátttakendur í TAG verkefninu á vinnufundinum í Vín: f.v. Peter Plant, próf. í fullorðinsfræðslu, Kaupmannahöfn, Dr. Pamela Clayton, hásk. í Glasgow og Katarina Navratilova, Prag.

Þróun nýrra námsleiða

Öryggisverðir

Í desember 2006 hófst undirbúningur náms fyrir öryggisverði í samvinnu við Eflingu stéttarfélag og Securitas ehf. Mikill kraftur einkenndi undirbúningsstarfið frá byrjun en eðli málsins samkvæmt verður nánar skýrt frá þessu námi í næstu ársskýrslu þar sem meginþungi starfsins fer fram árin 2007 - 2008.

Þjónustuliðar

Undirbúningur hélt einnig áfram fyrir nám fyrir þjónustuliða og verður leitað leiða til að aðlaga slíkt nám, sem er til fyrir hinn opinbera geira, fyrir fyrirtæki á hinum almenna markaði. M.a. eru fulltrúar frá ISS Ísland hf. í hópnum. Efling – stéttarfélag hefur leitt starfið en Starfsafl kemur að fjármögnun undirbúnings.

Ferðaðþjónustunám

Starfsafl tók þátt í undirbúningi nýs náms í ferðaðþjónustu sem SAF og Starfsgreinasambandið höfðu forgöngu um að móta. Fjöldi aðila í starfsmenntageiranum tók einnig þátt í undirbúningi. Um er að ræða 60 stunda tilraunanámskeið þar sem fjallað verður um eðli og gildi ferðaðþjónustunnar, þjónustu, hlutverk á vinnumarkaði, hugmyndafræði og viðhorf, verkferla, samfélags- og staðarþekkingu og fleira. Ferðaðþjónustunámið verður væntanlega metið til 5 eininga á framhaldsskólastigi.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sá um námskrárgerð og nánari útfærslu námsins en Mímir og SímeY (Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar) taka námsskrána til kennslu í byrjun árs 2007.

Heimasíða og einföldun verkferla

Núverandi forstöðumaður lagði áherslu frá byrjun á uppfærslu heimasíðu Starfsafls með fréttum af starfinu með reglubundnum hætti, a.m.k. einu sinni í viku. Það markmið hefur náðst. Afraksturinn getur að líta á www.starfsafl.is. Ennfremur voru úthlutunarreglur uppfærðar jafnóðum og komið var fyrir þýðingu á þeim á pólsku til viðbótar ensku útgáfunni sem fyrir var. Þessar útgáfur voru líka uppfærðar reglulega. En betur má ef duga skal. Enn er ýmislegt efni útrunnið á heimasíðunni og þarf að taka til og flokka efni á síðunni betur.

Einnig var ýmislegt gert til að einfalda umsóknarferli fyrirtækja t.d. er nú að finna einfalt umsóknareyðublað fyrir fyrirtæki á heimasíðu Starfsafls sem fyrirtæki geta fyllt út og sent rafrænt til Starfsafls. Þessi nýbreytni hefur mælst vel fyrir enda hefur umsóknnum fyrirtækja fjölgað mikið árið 2007.

Áfram var unnið að samræmingu úthlutunarreglna milli starfsmenntasjóða og flutningur sjóðsréttinda einfaldaður.

4. Stefnumótunarfundur Starfsafls í október 2006

Í október 2006 hélt stjórn og forstöðumaður Starfsafls stefnumótunarfund í Kríunesi við Elliðavatn. Dagskráin hófst kl. 12 þ. 31. okt. og lauk um kvöldið sama dag.

Tími	Innlegg	Umsjón	Ítarefni
1200-1245	Hádegisverður		
1245-1300	Inngangur og kynning á dagskrá	IBB, SvA	
1300-1320	Greiningargögn um félagsmenn Eflingar	Harpa Ólafsdóttir	6
1320-1400	Gögn frá fyrri stefnumótunarfundum. Umræður.	SvA	3, 5
1400-1415	Framtíðarverkefni. Styrkleikar og veikleikar Starfsafls	SvA	1, 2, 4, 6
1415-1430	Sýn stjórnanda í ferðapjónustu	Sólborg Steinpórsdóttir	
1430-1445	Kaffi og spjall		
1445-1500	Ferlið frá hugmynd að námskrá	Ingibjörg E. Guðmundsdóttir	8
1500-1515	Markaðsetning náms og ráðgjöf	Sigríður Þ Stefánsdóttir	
1515-1525	Markaðsetning náms	SvA	
1525-1545	Umræður um innlegg	SvA	
1545-1600	Fjármunir Starfsafls og spá um fjárhagslega getu næstu árin	IBB, SvA	2, 4
1600-1620	Nýjar leiðir í starfspróunarmálum	SvA	7
1620-1630	Kaffi		
1630-1800	Hópstarf, dregið saman	SvA	Allt efnið
1800-1830	Samantekt	IBB, SvA	
1830-1900	Spjall og mat á fundi		
1900-	Kvöldverður		

Fjöldi áhugaverðra erinda voru flutt og urðu miklar umræður um stefnu og framtíðarsýn Starfsafls. Niðurstöður má sjá í sérstakri skýrslu sem forstöðumaður tók saman.

Helstu niðurstöður urðu þessar:

- Gæta verður aðhalds í rekstri sjóðsins vegna fyrirsjáanlegra minni tekna í framtíðinni. Leitað verður leiða til að fá aukna styrki til nýrra þróunarverkefna.
- Leggja ber áherslu á að ná til starfsmanna í ferðapjónustu þar sem menntun er ábótavant.
- Leggja verður áherslu á að ná beint til fyrirtækja og stjórnenda en það hefur sýnt sig að sú nálgun gefur góðan árangur, bæði fyrir fyrirtæki og starfsmenn.

- Leggja verður áherslu á enn frekara kynningarstarf, í fjölmiðlum, og með persónulegum tengslum ("maður-á-mann" – aðferðin).
- Skoða möguleika á að "lána út" starfsþróunarráðgjafa til að auka vægi starfsmenntunar í starfi fyrirtækja.

Þessum niðurstöðum var safnað saman og þær útfærðar betur í sérstakri verkefnaáætlun sem fylgir hér á eftir.

5. Starfsáætlun Starfsafls 2007

1. Ráðgjafi að láni
 - a. Vinna hafin í samvinnu við Landsmennt o.fl. Mikilvægt að þessi leið eða aðstoð skarist ekki við aðrar tegundir af aðstoð sem stoðkerfi atvinnulífsins býður. Fundir áætlaðir með Fræðslumiðstöð atvinnulífsins v/ námsráðgjafar, Starfsmennt (ráðgjafi að láni), MSS (Markviss áætlunin).
 - b. Fundir með sjálfstætt starfandi ráðgjöfum á grundvelli vinnu í a).
2. Kynningarátak
 - a. Greinaskrif í blöðum, koma sér í útvarpsþætti etc í febrúar/maí, meira beint að fyrirtækjum
 - b. Greinaskrif í ágúst, meira beint að meðlimum stéttarféлага.
 - c. Auglýsingar í blöðum í ágúst í samvinnu við aðra starfsmenntunarsjóði
3. Nýjar námsleiðir
 - a. Menntun í ferðarþjónustu. Nokkuð stór og öflugur hópur er að vinna að þessu máli með FA. Starfsafl er virkur aðili að þessum hópi.
 - b. Menntun í hótél- og veitingageiranum (dyraverðir o.fl.). Meira skráddarasaumaðar lausnir.
 - c. Öryggisvörður. Vinna hafin í samvinnu við Securitas og Eflingu.
 - d. Fiskvinnsla. Skoðað með Eflingu.
 - e. Nýliðarþjálfun
 - i. Í byggingariðnaði.
 - ii. Nýliðarþjálfun í matvæla- og drykkjarvöruiðnaði.
 - iii. Önnur nýliðarþjálfun (unnið í samstarfi við sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða símenntunarstöðvar).
4. Hefðbundin verkefni
 - a. Heimsóknir í fyrirtæki.
 - b. Ársskýrsla.
 - c. Fyrirtækjaumsóknir.
5. Önnur verkefni
 - a. TAG – Leonardoverkefnið um styrkari stöðu 50+ hóps á vinnumarkaði, tengist starfi 50+nefndarinnar á vegum félagsm.ráðun. Fundur SvA og nefndar 23. jan. og samstarfsfletir skoðaðir. Ráðstefna í Glasgow 8. mars 2007. Bókarkafli í smíðum fyrir bók um niðurstöður verkefnisins.
 - b. Önnur Evrópuverkefni.
 - c. Önnur verkefni.

6. Fjárhagur Starfsafls

Fjárhagur Starfsafls stendur traustum fótum eins og sjá má í ársreikningum. Tekjur sjóðsins árið 2006 voru 73.278.807 kr, útgjöld voru 59.246.031 kr og eigið fé jókst um 21.020.858 kr. Eignir sjóðsins í árslok voru 81.135.836 kr.

Sé litið til ársins 2007 má gera ráð fyrir eftirfarandi lauslegri rekstraráætlun.

2007 verður "söfnunarár" þ.e. bæði fullt starfsmenntagjald og fullt ríkisframlag:

Eignir í upphafi árs 2007	81.135.836
---------------------------	------------

Áætlaðar tekjur ársins 2007

- Framlög ríkis	51.000.000
- Framlög stéttarfélaganna	10.000.000
- Framlag starfsmenntagjalds, 0,15 % x 5%	44.100.000
- Vaxtatekjur (81 m.kr. x 12%)	9.720.000
- Evrópuverkefni	1.000.000
- Aðrir styrkir	3.000.000
Tekjur ársins samtals, áætlun:	118.820.000

Áætluð útgjöld 2007

- Laun og rekstur	23.000.000
- Einstaklingsstyrkir, 10% aukning	34.200.000
- Verkefnastyrkir, 75% aukning	10.500.000
Útgjöld og styrkir ársins samtals, áætlun:	67.700.000

Tekjur mínus gjöld	51.120.000
--------------------	------------

Áætlaðar eignir í lok árs 2007	132.255.836
--------------------------------	-------------

Fyrir árið 2008 má því gera ráð fyrir að vaxtatekjur (ca. 15 m.kr.) og aukin starfsmenntagjöld (30 m.kr.) miðað við 2006 ættu því að veða nokkurn veginn upp skort á ríkisframlagi fyrir árið 2008. Þetta er þó háð háu vaxtastigi áfram. Þó er einsýnt að gæta verður ítrasta aðhalds í rekstri jafnframt því sem lögð verður áhersla á að koma verkefnastyrkjum í gagn við hjá fyrirtækjum til að markmið með starfsemi sjóðsins náist.